



MINNISBLAÐ

Dagsetning: 17. febrúar 2026

Höfundur: Aldís E. Pálsdóttir, Sölvi R. Vignisson, Ólafur K. Nielsen


Viðtakandi: Áhugamenn um rjúpnarannsóknir

Málsnúmer: 202501-0106

Efni: Aldurshlutföll rjúpnastofni 2025

Stofnlíkön sem gerð hafa verið fyrir íslensku rjúpuna byggja á gögnum líkt og aldurshlutföllum, talningum og veiðitölum (Kjartan Magnússon o.fl. 2004, Erla Sturludóttir o.fl. 2018). Náttúrufræðistofnun (áður Íslands) hefur séð um að afla gagna um aldurshlutföll og er það gert tvisvar sinnum á ári, þ.e. á veiðitíma og á vorin. Hér er fjallað um aldursgreiningar frá vori og á veiðitíma 2025 og þau gögn borin saman við aldursgreiningar fyrir tímabilið 2005 til 2024.

Hægt er að aldursgreina rjúpur á lit flugfjaðra (Weeden and Watson 1967). Greint er á milli tveggja aldurshópa, þ.e. fugla á fyrsta ári og eldri fugla. Gögnum um aldurshlutföll að vori var aflað með myndatökum af fuglum á flugi í öllum landshlutum. Gögnum frá veiðitíma var safnað með því að veiðimenn sendu afklippta vængi til greiningar. Gögn þessi nýtast til þess að meta lifun ungfugla og fullorðinna yfir vetrartímann og nýliðun í stofni. Mikilvægt er að það sé samræmi í aldursgreiningum á milli manna. Þrír aðilar auk skýrsluhöfunda aldursgreindu fugla 2025. Allar myndir og útreikningar voru unnin í Rstudio. Fyrir hvert sýni er skráður veiðistaður, landshluti, veiðimaður, fjöldi fullorðinna fugla og ungra fugla. Öll gögn um aldursgreiningar eru varðveitt í gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar. Landshlutaskiptingin byggir á skiptingu landsins í veiðisvæði (1. mynd).



1. mynd. Skipting Íslands í veiðisvæði.

Aldurshlutföll að vori


Árið 2025 er þriðja árið í röð þar sem farið hefur verið í markvissar aldursgreiningar í öllum landshlutum með það að markmiði að aldursgreina 200 rjúpur í hverjum þeirra eða 1.200 fugla í heildina (1. tafla). Árið 2025 voru 1.255 rjúpur ljósmyndaðar og aldursgreindar. Hlutfall unga í varpstofni (tæplega árgamlir fuglar) var lægst á Vesturlandi eða 35% og hæst á Austurlandi eða 56%. Samanlagt fyrir allt landið var hlutfall unga 46%.

1. tafla. Aldursgreiningar rjúpna frá varptíma 2025.

Landshluti	Fullorðnir	Ungir	Samtals	Ungar á fullorðinn fugl	Hlutfall unga af heild
Vesturland	130	70	200	0.54	35%
Vestfirðir	116	97	213	0.84	46%
Norðvesturland	120	82	202	0.68	41%
Norðausturland	108	99	207	0.92	48%
Austurland	92	118	210	1.28	56%
Suðurland	113	110	223	0.97	49%
Samtals	679	576	1.255	0.85	46%



Hæsta hlutfall unga hefur verið á Austurlandi öll ár síðan gagnaöflun hófst og var það töluvert hærra árið 2025 samanborið við árið á undan. Sama má segja um Suðurland en þar var hlutfall unga hærra en árið áður og hefur að jafnaði verið hátt samanborið við aðra landshluta. Á Vesturlandi var hlutfall unga lægra árið 2025 heldur en fyrri ár. Í öðrum landshlutum voru hlutföllin svipuð (2. mynd).



2. mynd. Aldurshlutföll rjúpna á varptíma 2023-2025.

Aldurshlutföll að hausti


Í lok febrúar 2026 höfðu verið aldursgreindir 2.984 fuglar frá veiðitíma 2025 (2. tafla). Heildarfjöldi vængja sem voru aldursgreindir var svipaður og árið 2024 en dreifðist þó jafnar á milli landshluta og náðist betra sýni á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðvesturlandi heldur en árið áður. Flestir vængir bárust af Norðausturlandi (887 fuglar) og fæstir af Suðurlandi (186 fuglar). Hlutfallið ungar á fullorðinn fugl var 2,0 tekið saman fyrir öll svæðin sem er eilítið lægra en 2024 (hlutfall = 2,14) en svipað og árið 2023 (hlutfall = 1,99). Þetta hlutfall var lægst á Suðurlandi og Austurlandi (1,6) og hæst á Vestfjörðum (2,8). Munur á aldurshlutföllum eftir landshlutum var hámarktækur.



2. tafla. Aldursgreiningar rjúpna frá veiðitíma 2025.

Landshluti	Fullorðnir	Ungir	Samtals	Ungar á fullorðinn fugl	Hlutfall unga af heild
Suðurland	71	115	186	1,6	62%
Austurland	283	439	722	1,6	61%
Vesturland	80	144	224	1,8	64%
Norðausturland	294	593	887	2,0	67%
Norðvesturland	94	192	286	2,0	67%
Vestfirðir	178	501	679	2,8	74%
Samtals	1.000	1.984	2.984	2,0	66%

Á árabílinu 2005 til 2025 voru aldursgreindar samtals 69.269 rjúpur. Mikill munur er á aldurshlutföllum á milli ára, lægsta mælda gildið var fyrir Vesturland 2006 eða 0,98 ungar á fullorðinn fugl og hæsta gildið var fyrir Norðausturland 2017 eða 6,00 ungar á fullorðinn fugl. Í 3. mynd má sjá breytingar á aldurshlutföllum á milli ára eftir landshlutum.




3. mynd. Aldurshlutföll rjúpna á veiðitíma 2005 til 2025.

Samanborið við árin 2005 til 2024 var hlutfall unga lágt haustið 2025 en þó svipað og árin 2023-2024. Miðgildið fyrir mælingar 2025 var 2,0 ungar á fullorðinn fugl en var 2,5 fyrir árabilið 2005 til 2024. Ungahlutföll milli landshluta voru svipuð og árið áður, að undanskildu Norðausturlandi þar sem hlutfall unga var heldur lægra.

Línulegu líkani (e. generalized linear model) var beitt til að skoða hvernig aldurshlutföll höfðu breyst milli ára. Niðurstöðurnar sýndu að frá árinu 2005 hefur verið lítilleg neikvæð leitni í aldurshlutföllum, þ.e. að fjöldi unga á hvern fullorðinn fugl minnkar með tímanum. Fylgni er milli aldurshlutfalla í aðlægum landshlutum líkt og Austurland við Norðausturland, Norðvesturlands við Vestfirði og Vesturlands við Suðurland. Þetta er í samræmi við þá mynd að veðurfar sé áhrifabáttur í viðkomu rjúpunnar því fyrirfram myndi maður búast við að veðurfar væri keimlíkara í aðlægum landshlutum en aðskildum.

Samanburður á landshlutum frá 2005 til 2025 sýnir að jafnaði er hlutfall unga á veiðitíma hæst á Norðausturlandi en lægst á Norðvesturlandi og Vesturlandi. Aðrir landshlutar eru á svipuðu róli (4. mynd).



4. mynd. Aldurshlutföll rjúpna á veiðitíma 2005 til 2025 skipt eftir landshlutum.

Aldurshlutföll á veiðitíma 2025 sýna að viðkoma rjúpunnar var svipuð og árið áður.

Samandregið gengu aldursgreiningar á varptíma og í rjúpnaveiði haustið 2025 gengu ágætlega. Sýni fengust úr öllum landshlutum, en markmiðið hefur verið að ná að lágmarki 200 fuglum í hverjum landshluta til greiningar sem tókst í öllum landshlutum nema Suðurlandi (186 fuglar) á veiðitíma, en lítið vantaði upp á.

Pakkir: Við viljum þakka öllum veiðimönnum sem sendu sýni til aldursgreiningar og einnig Aðalsteini Erni Snæþórssyni, Þorvaldi Þ. Björnssyni og Sigrúnu Sigurðardóttur fyrir aldursgreiningar.

HEIMILDIR

Erla Sturludóttir, Ólafur K. Nielsen og Gunnar Stefánsson 2018. Evaluation of ptarmigan management with a population reconstruction model. The Journal of Wildlife Management 82(5): 958–965.

Kjartan G. Magnússon, Jenný Brynjarsdóttir og Ólafur K. Nielsen 2004. Population cycles in rock ptarmigan *Lagopus muta*: modelling and parameter estimation. Reykjavík: Raunvísindastofnun Háskólans.

Ólafur K. Nielsen, Jenný Brynjarsdóttir og Kjartan G. Magnússon 2004. Vöktun rjúpnastofnsins 1999–2003. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 47. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Weeden, R.B. og A. Watson 1967. Determining the age of rock ptarmigan in Alaska and Scotland. Journal of Wildlife Management 31: 825–826.